



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 9. janúar 2025

MSS24110075

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um niðurstöður æskulýðsrannsóknna

Á fundi borgarráðs, 14. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Nú liggja fyrir nýjar niðurstöður Æskulýðsrannsóknna. Ýmislegt markvert ber þar á góma og í framhaldi er spurt hvernig skóla- og frístundasvið hyggst bregðast við. Hvernig hyggst skóla og frístundasvið beita sér til að aðstoða foreldra að hjálpa börnum sínum að draga úr skjánotkun í þeim tilfellum þar sem skjánotkun er komin úr böndum? Hefur skóla- og frístundasvið í hyggju að fræða foreldra sérstaklega um hvernig þeir geta frætt börn sín um hættur á netinu í ljósi þess að rannsóknin sýnir að um og yfir helmingur nemenda á erfitt með að minnka notkun sína á samfélagsmiðlum en þriðjungur ungmenna í 10. bekk upplifir vanlíðan þegar þau hafa ekki aðgang að samfélagsmiðlum og stúlkur eru sérstaklega viðkvæmar fyrir þessum áhrifum? Hefur skóla- og frístundasvið í hyggju að fræða foreldra sérstaklega um hvernig þeir geta frætt börn sín um hvernig þau skuli varast kynferðislega áreitni og ofbeldi í ljósi niðurstaðna um að tíu prósent 10. bekkinga segjast samkvæmt skýrslunni hafa verið snertir kynferðislega af einhverjum fullorðnum? Það eru 15 prósent stúlkna og fjögur prósent drengja. 54 prósent stúlkna í 10. bekk hafa fengið beiðni um að senda nektarmyndir, sem eru fimm prósentum færri en frá árinu áður. Á sama tíma hafa um 16 prósent stráka í 10. bekk fengið sambærilega beiðni. Hvernig hyggst skóla- og frístundasvið bregðast við þessum niðurstöðum?

Greinargerð fylgdi fyrirspurninni.

#### Svar:

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs leitast við að vera í góðu samstarfi við framkvæmdaaðila Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Áhersla er lögð á að koma niðurstöðum fljótt og vel út á starfsstaði sviðsins. Niðurstöður hvers grunnskóla eru sendar til skólastjóra og niðurstöður fyrir hvern grunnskóla í viðkomandi borgarhluta eru sendar á stjórnendur grunnskóla, frístundastarfs og velferðarmála á hverri miðstöð. Að auki eru niðurstöður fyrir Reykjavík birtar [á vef Reykjavíkurborgar](#). Starfsstaðir sviðsins eru hvattir til að skoða sérstaklega vel niðurstöður niður á hvern grunnskóla og bregðast við áskorunum sem þar birtast.

Hvernig hyggst skóla og frístundasvið beita sér til að aðstoða foreldra að hjálpa börnum sínum að draga úr skjánotkun í þeim tilfellum þar sem skjánotkun er komin úr böndum?



Reykjavík



- Í þeim tilfellum þar sem skjánotkun er komin úr böndum og jafnvel farin að hafa áhrif á mætingu barns í skóla- og frístundastarf, þá grípur stoðkerfi hvers skóla inn í og veitir leiðbeiningar og tekur ákvörðun um hvort vísa þarf máli barns áfram í viðeigandi þjónustu.
- Í mörgum skólum/hverfum hafa foreldrar fengið fræðslu um skjánotkun barna.
- Seglar með viðmiðum um skjánotkun voru sendir út fyrir nokkrum árum til foreldra leik- og grunnskólabarna.
- Margir skólar hafa sett reglur um notkun snjallsíma í starfinu og nýta snjalltæki á vegum borgarinnar í starfinu á sem öruggastan máta.
- Í öllu skóla- og frístundastarfi er virk umræða um gagnlega og örugga skjánotkun.

*Hefur skóla- og frístundasvið í hyggju að fræða foreldra sérstaklega um hvernig þeir geta frætt börn sín um hættur á netinu í ljósi þess að rannsóknin sýnir að um og yfir helmingur nemenda á erfitt með að minnka notkun sína á samfélagsmiðlum en þriðjungur ungmenna í 10. bekk upplifir vanlíðan þegar þau hafa ekki aðgang að samfélagsmiðlum og stúlkur eru sérstaklega viðkvæmar fyrir þessum áhrifum?*

- Reglulega halda skólar, foreldrafélög, félagsmiðstöðvar og miðstöðvar fræðslu fyrir foreldra um samfélagsmiðla, kosti þeirra og galla.
- Starfsfólk skóla- og frístundasviðs minnir einnig börn og foreldra reglulega á aldursmörk á samfélagsmiðlum.
- Í forvarnaráætlun Reykjavíkur 2024-2026, er aðgerð um að setja á laggirnar miðlægt samfélagsmiðlateymi sem byggir á reynslu starfsfólks félagsmiðstöðva í samvinnu við ungmenni. Ekki hefur fengist fjármagn til að sinna því verkefni. En starfsfólk félagsmiðstöðva tekur virkan þátt í umræðum með unglingum á samfélagsmiðlum og leitast við að koma inn jákvæðum skilaboðum og bregðast við óæskilegri umræðu og eða ábendingum sem koma frá unglingunum.

*Hefur skóla- og frístundasvið í hyggju að fræða foreldra sérstaklega um hvernig þeir geta frætt börn sín um hvernig þær skuli varast kynferðislega áreitni og ofbeldi í ljósi niðurstaðna um að tíu prósent 10. bekkinga segjast samkvæmt skýrslunni hafa verið snertir kynferðislega af einhverjum fullorðnum? Það eru 15 prósent stúlkna og fjögur prósent drengja.*

- Kynfræðsla hefur verið talsvert aukin á undanförunum árum og tekur hún mið af þeim áskorunum sem birtast í niðurstöðum kannana.
- Í [Viku sex](#), sem haldin er í sjöttu viku hvers árs er lögð sérstök áhersla á kynfræðslu og kynheilbrigði í grunnskólum og félagsmiðstöðvum borgarinnar.
- [Sjúk ást](#) er forvarnarátak á vegum Stígamóta um ofbeldi í nánum samböndum ungmenna. Þessi fræðsla hefur verið talsvert nýtt í skóla- og frístundastarfi.

*54 prósent stúlkna í 10. bekk hafa fengið beiðni um að senda nektarmyndir, sem eru fimm prósentum færri en frá árinu áður. Á sama tíma hafa um 16 prósent stráka í 10. bekk fengið sambærilega beiðni. Hvernig hyggst skóla- og frístundasvið bregðast við þessum niðurstöðum?*





- Í ofangreindri fræðslu er tekið vel á þessum þáttum og sjá má árangur af fræðslunni í könnunum. Mikilvægt að halda fræðslunni áfram.
- Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hefur fengið mikið af nýrri fræðslu, námsefni og verkfærum til að vinna með þessi mál.
- Mikil sérþekking hefur orðið á miðstöðvum borgarinnar með tilkomu ráðgjafar- og viðbragsteymis um kynferðisofbeldi í skóla- og frístundastarfi á hverri miðstöð borgarinnar.
- Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og aðgerðir tengdar henni, s.s. forvarnarteymi í hverjum grunnskóla.

